

7. - 10.  
bekkur

Fjöldi  
20-25

60  
mín.

# Frétttaflutningur

Í þessu verkefni er unnið í litlum hópum. Verkefnið felst í að greina dagblað með áherslu á fréttir um innflytjendur. Niðurstöður verða kynntar sem úrklippur á kartoni í lok tímans.

<b>Þema</b>	Kynþáttafordómar, mismunun, mannréttindi og tjáningarfrelsi.
<b>Aldur</b>	7. - 10. bekkur.
<b>Stærð hóps</b>	20-25 einstaklingar.
<b>Tími</b>	60 mínútur.
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skoða hvernig frétttaumfjöllun um innflytjendur er í dagblaði og ræða hvernig þetta hefur áhrif á samfélagsumræðuna.</li><li>• Bera kennsl á falda kynþáttafordóma. Falin skilaboð í fjölmiðlum og hvernig fréttir og myndir eru notaðar til að birta hatursorðræðu (ef hún er til staðar).</li><li>• Ræða og greina jákvæðar fréttir um innflytjendur.</li></ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• 4-5 dagblöð, þar sem fjallað er um innflytjendur.</li><li>• A3 blöð.</li><li>• Lím, skæri og tússlitir.</li></ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Settu 4 blöð saman fyrir hvern hóp.</li><li>• Láttu alla hópa fá tússliti, lím, skæri og dagblað.</li><li>• Prentaðu út fylgigögn.</li></ul>

## Kennsluleiðbeiningar

1. Spurðu þátttakendur hvort þeir átti sig á eftirfarandi hugtökum:  
Staðalímynd, kynþáttafordómar, mismunun
2. Útskýrðu hugtökin gróflega með því að gera þátttakendum grein fyrir að:
  - a. Alhæfingar um hópa fólks eiga sjaldnast við rök að styðjast
  - b. Þegar alhæfingar verða almennt samþykktar eru þær oft notaðar til að réttlæta mismunun og misnotkun.
3. Spurðu þátttakendur hvort þeir geti nefnt einhverja hópa sem hafa ákveðnar staðalímyndir og eru oft skotmörk mismununar, árása eða hatursorðræðu. Útskýrðu

að í verkefninu eigi að skoða hvernig þessir hópar koma fram í frétttaflutningi í dagblöðum.

4. Sýndu þátttakendum greinina sem þú valdir og útskýrðu fyrir þeim að unnið verði í hópum til að greina hvernig fjallað er um innflytjendur í henni. Segðu þeim að gott sé að hafa í huga hvort dagblaðið fjalli mismunandi um innflytjendur:
  - a. Er umfjöllunin almennt jákvæð?
  - b. Er umfjöllunin almennt neikvæð ?
  - c. Er fjölmiðillinn hlutlaus í umfjöllun?
5. Farðu yfir listann sem þátttakendur eiga að hafa til hliðsjónar og ítrekaðu að hafa hann í huga þegar unnið er að því að greina fréttina. Segðu að gott sé að taka fram atriði sem nemendum finnst mikilvæg (þrátt fyrir að vera ekki á listanum).
6. Skiptu niður í hópa með 5-6 þátttakendum í hverjum hópi. Afhentu öll gögn sem nauðsynleg eru til að vinna verkefnið. Útskýrðu að klippa eigi út atriði sem eiga við á listanum og setja upp á spjaldið. Í lokin gefst öllum kostur á að skoða hvað hinir hóparnir fundu.

## Samantekt

- Spurðu þátttakendur um álit þeirra á verkefninu: var það hjálplegt eða kom það á óvart? Hvert er þeirra álit á því hvernig umfjöllun um innflytjendur birtist í fjölmiðlum? Er þetta sanngjörn umfjöllun?
- Ef hóparnir fundu ekkert jákvætt í umfjöllun skaltu vekja þá til umhugsunar um hvernig megi gera umfjöllunina jákvæðari.
- Af hverju telja þátttakendur að innflytjendur verði oft fyrir mismunun, áreiti og hatursorðræðu í löndum um allan heim? Hversu mikið telja þeir að fjölmiðlar eigi þátt í því?
- Hafa þátttakendur lent í sambærilegri framkomu á netinu? Ef svo er, koma með dæmi.
- Er eitthvað sem ungt fólk getur gert til að stuðla að jákvæðu viðhorfi í garð innflytjenda? Hafa þátttakendur séð vefsíðu á netinu sem fjallar jákvætt um innflytjendur?

## Fylgigögn



**Eru einhverjar myndir af innflytjendum, hvernig birta fjölmiðlar þær?**

- Eru myndirnar jákvæðar?
- Eru myndirnar neikvæðar?

**Hversu margar fréttir um innflytjendur eru í blaðinu?**

- Eru einhverjar góðar fréttir þar sem innflytjendur eru birtir í jákvæðri umræðu?
- Eru neikvæðar fréttir?

**Hvaða orð eru notuð til að lýsa innflytjendum í dagblaðinu?**

- Jákvæð orð: \_\_\_\_\_
- Neikvæð orð: \_\_\_\_\_
- Hlutlaus orð: \_\_\_\_\_

**Hvaða orðalag virðist mest notað í fréttunum?**

- Jákvætt orðalag
- Neikvætt orðalag
- Hlutlaust orðalag

**Eru einhverjar fullyrðingar sem benda til kynþáttafordóma?**

- Nei
- Já

**Ef svo er, hver á í hlut? Blaðamaður, opinber aðili, einstaklingur?**

\_\_\_\_\_

**Hvernig myndi þér líða sem innflytjandi að lesa blaðið? Er eitthvað þar sem þú myndir vilja breyta eða fjarlægja?**

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_